Orðaskipti Ragnhildar Helgadóttur og Berlingske Tidende um yfirlýsingu forsætisnefndar Norðulandaráðs

FÖSTUDAGINN 5. marz. sl. birti í Berlingske Tidende grein eftir Ragnhildi Helgadóttur alþm., þar sem hún fjallar um sjónarmið, sem fram höfðu komið í blaðinu um yfirlýsingu forsætisnefndar Norðurlandaráðs vegna landhelgisdeilunnar. Í kjölfarið á grein Ragnhildar birtist svo forystugrein í Berlingske Tidende. Þessi orðaskipti fara hér á eftir, fyrst grein Ragnhildar Helgadóttur síðan forystugrein Berlingske Tidende.

Norrænir hagsmunir

Í Berlingske Tidende hinn fyrsta marz stóð svohljóðandi fyrirsögn á forsíðu: „Norðurlandaráð styður Ísland í þorskastríðinu" og í ramma var aukafyrirsögn „Norðurlandaráð á villigötum".

Ekki þarf ég að útskýra að fyrirsagnir þessar, fréttagreinin sjálf svo og ritstjórnargreinar 1. og 2. marz vöktu í senn undrun og hryggð í huga íslenzks „íhaldsþingmanns", sem sæti á í forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Ég geng út frá því, að íhaldsmenn í Danmörku átti sig á því ekki síður en aðrir, hverja þýðingu hið sérstæða atvinnulíf Íslendinga hefur fyrir tilveru þeirra sem sjálfstæðrar þjóðar.

Ef dönskum íhaldsmönnum er annt um, að þau fiskimið, sem nú eru nýtt af Dönum, verði áfram nýtanleg til frambúðar landi þeirra til gagns, þá skil ég ekki af hverju þeir sjá ekki, að verndun fiskstofna yfirleitt sem matvælaauðlinda í Norður-Atlantshafi, er í sameiginlega þágu Norður-Atlantshafsþjóðanna.

Aðeins eitt þessara ríkja hefur fært út fiskveiðimörk sín í 200 mílur, sem allir telja að verði niðurstaða hafréttarráðstefnunnar, og þar með alþjóðalög. En þetta þýðir ekki, að hér sé um að ræða mál, er unnt sé að einangra sem einka-utanríkismál umrædds ríkis. Þvert á móti. Þetta er upphaf þeirrar verndunar fiskstofna, sem er Atlantshafsþjóðunum algjör nauðsyn.

Það var mjög eðlilegt, að það ríki, sem er gjörsamlega háð fiskstofnunum vegna atvinnulífs síns, Ísland, yrði fyrst til þess að framkvæma þessa aðgerð. Hin ríkin gera vafalaust slíkt hið sama áður en varir, hvert eftir sínum landfræðilegu aðstæðum.

Það er vitanlega ljóst, að til ýmissa viðræðna og samninga hlýtur að koma milli ríkja af þessum sökum, og það mun reyna á tillitssemi milli þjóða. En tillitssemin verður marklaus undir ógn herskipa. Þær hugsanir, sem tjáðar eru með hervaldi gagnvart 240 sinnum minna ríki, án herskipa, eru ekki samboðnar Bretlandi, landinu sem ól John Stuart Mill, landinu sem var jarðvegur fyrir stjórnmálastefnu hinnar heilbrigðu einstaklingshyggju með gagnkvæmri virðingu milli manna. Þessum aðferðum beitir nú hið gamla þingræðisland, Bretland, gagnvart móðurlandi mínu, Íslandi.

Í hreinskilni sagt, þá fæ ég ekki skilið, hvernig nokkur þingmaður í Norðurlandaráði getur skammazt sín fyrir yfirlýsingu forsætisnefndar ráðsins í þessu máli, sem er tvímælalaust norrænt hagsmunamál.

Menn hafa talið í Norðurlandaráði, að vandamál t.d. Eystrasalts og strandríkja þess væri norrænt mál. Af hverju



bregður þá svo við, að Berlingske Tidende telur ekki um jafnnorrænt mál að ræða, þegar fengizt er við vandamál annars hafsvæðis, sem snertir þó einnig mörg norræn lönd?

Málið hefur einnig aðra hlið pólitíska, sem snertir beint þrjú Norðurlanda, þau sem eru í NATO. Á Íslandi er mönnum alveg ljóst, að mesti greiði sem andstæðingum NATO er gerður, felst í nærveru brezku herskipanna innan fiskveiðimarkanna.

Það er því miður ekki nægilegt, að minn flokkur setji á oddinn, að við séum kyrr í NATO. Aðild okkar að NATO og útfærsla fiskveiðilögsögunnar eru gerólík mál, en bæði lífsnauðsynleg. Við megum ekki láta annað í skiptum fyrir hitt. En við getum ekki lokað augunum fyrir því, að það eru of margir, sem telja einmitt það æskilegt, vegna pólitískra viðhorfa sinna.

Þessi síðastnefndi hópur innan stjórnmálanna, hópur sem vill okkur út úr NATO fær að mínu mati stuðning af þeim sjónarmiðum, sem Berlingske Tidende hefur sett fram um yfirlýsingu forsætisnefndar Norðurlandaráðs. Sjónarmið blaðsins kunna að byggjast á upplýsingaskorti eða þá á hreinum misskilningi.

Ef sú er ekki raunin, eru vonbrigði mín meiri en ég fæ tjáð hér.

Leiðari Berlingske Tidende

„Norðurlönd og þorskastríðið" nefnist eftirfarandi leiðari danska blaðsins Berlingske Tidende, sunnudaginn 7. marz s.l.

„Þorskastríðið er því miður komið á það stig að báðir aðilar vænta frumkvæðis — frá andstæðingnum. Íslendingar vilja ekki hefja samningaviðræður á meðan brezk herskip eru fyrir innan 200 mílna mörkin, Íslendingar krefjast þess að mörkin séu virt og í London er það skoðun manna að ríkisstjórnin í Reykjavík hafi reynzt mótfallin raunverulegum samningaviðræðum, en krefjist þess í stað uppgjafarsamninga af hálfu Breta.

Svona einfalt er þetta auðvitað ekki, og samkvæmt lýsingum Breta er þorskastríðið „háð" af nokkurri sjálfsstjórn af beggja hálfu, þótt alltaf vofi yfir hætta á alvarlegum atburðum.

Yfirlýsing forsætisnefndar Norðurlandaráðs hefur eins og búizt var við ekki leitt til lausnar deilunni, en hins vegar kallað á ákafar deilur innan Norðurlandanna. Í þessu sambandi hafa komið fram vonbrigði Íslendinga yfir því að ekki hafi náðst algjör samstaða á Norðurlöndum um stuðning við Ísland í stríðinu. Það á ekki rætur að rekja til misskilnings, eins og Ragnhildur Helgadóttir gaf í skyn í málflutningi sínum á föstudag. En Norðurlandaráð hentar ekki sem utanríkispólitísk málpípa Norðurlandanna fimm. Norðurlöndin hafa ennfremur ekki sömu sjónarmið varðandi fiskveiðar og þorskastríðið.

Smáríki eiga alveg sérstakra hagsmuna að gæta við að virða þær alþjóðlegu réttarreglur sem til eru — og krefjast þess af öðrum að þær séu virtar. Af þeim er ekki of mikið, og reglurnar sem ná til hafsins eru einmitt nú í endurskoðun. Ekki mun hér vefengt að Íslendingar hafi haft sérstakar ástæður til að taka fram fyrir hendurnar á hafréttarráðstefnunni. En þrátt fyrir fullan skilning á þessum aðgerðum og þrátt fyrir fulla samúð með Íslendingum má deila um hversu viturlegt og réttmætt þetta skref Íslendinga var.

Norræn samstaða með Íslendingum er vænlegust til árangurs sem tilraun til að koma báðum aðilum aftur að samningaborðinu, sem þeir hafa nú yfirgefið vegna lítils samningsvilja þeirra beggja.

Mikil aðsókn að Ásgrímssýningu

Sýningartími breyttur

ÁSGRÍMSSÝNING á Kjarvalsstöðum hefur verið opin í vikutíma. Var sýningin opnuð við hátíðlega athöfn laugardaginn 6. marz af borgarstjóranum í Reykjavík Birgi Ísl. Gunnarssyni. Einnig flutti ræðu frú Bjarnveig Bjarnadóttir, forstöðumaður Ásgrímssafns. Fjöldi gesta hefur skoðað sýninguna þessa fyrstu viku, meðal þeirra nemendur úr ýmsum skólum.

Vegna aðsóknar hefur nú verið ákveðið að sýningartími verði lengri um helgar en aðra daga. Laugardaga og sunnudaga verður opið frá kl. 14—22 meðan á sýningartíma stendur. Aðra daga frá kl. 16—22, en á mánudögum eru Kjarvalsstaðir lokaðir. Aðgangur og skrá eru ókeypis.

Önnur Ásgrímssýning á Selfossi

Þessi minningarsýning sem Reykjavíkurborg heldur á myndlistargjöf Ásgríms Jónssonar á aldarafmæli hans er stærsta einkasýning sem haldin hefur verið hér á landi. Ekki komust allar myndirnar úr Ásgrímssafni fyrir á Kjarvalsstöðum, en flytja varð um 100 verk aftur í safnið.

Árnesingar ætla að heiðra Ásgrím með sýningu á verkum hans úr Ásgrímssafni. Verður

Framhald á bls. 18



Kvenskátar að undirbúa kökubasarinn og flóamarkaðinn í hinu nýja félagsheimili skátanna í íþróttahúsi Hagaskóla.

Skátar með flóamarkað í nýja félagsheimilinu

NÝLEGA fengu skátar aðstöðu í nýju félagsheimili í Íþróttahúsi Hagaskóla, sem leysir úr ýmsum húsnæðisvandræðum þeirra. Ætlunin er að veita fé úr Minningarsjóði Guðrúnar Bergsveinsdóttur til kaupa á húsbúnaði í þetta nýja heimili.

Ætla eldri kvenskátar, sem að þessum sjóði starfa, að afla fjár í sjóðinn í dag með því að hafa kökubasar og almennan flóamarkað í nýja félagsheimilinu við Hagaskóla. Hefst hann klukkan 2 e.h. Á flóamarkaðinum er að venju notaður fatnaður og ýmsir gamlir munir, en kökurnar hafa kvenskátarnir bakað.

1170 metrar en ekki 70 metrar

Í FRÉTT í Morgunblaðinu í gær stóð að Búrfellslína 1 lægi niðri á 70 metra kafla kringum þann stað, sem mastrið brotnaði. Hið rétta er að línan liggur niðri á 1170 metra kafla. Eru hlutaðeigendur beðnir velvirðingar á þessu.

AUGLÝSINGASÍMINN ER: 22480 Morgunblaðið



Aldraðir frá Hrafnistu skoðuðu Ásgrímssýninguna á Kjarvalsstöðum í gær.